

Bryndís Fjóra Pétursdóttir, garðyrkjufraeðingur og Bowentæknir.

Bryndís Fjóra vinnur nú að nýsköpunarverkefninu *Huldustígur* í samvinnu við Raket Hinriksdóttur, grafískan hönnuð, og forstöðumenn Lystigarðsins á Akureyri.

Verkefnið snýr að hönnun og markaðssetningu á sérvöru, yfirlitskortum af bústöðum huldufólks og álfa í Lystigarðinum, sem og hönnun og markaðssetningu á styttri gönguferðum um Lystigarðinn, þar sem áhersla verður lögð á frásögn af álfum og huldufólki sem búa í garðinum. Markmiðið er að styrkja tengsl manna og náttúru, tenginguna við menningararf okkar og þjóðtrú og að efla umhverfisvitund og vernd.

Bryndís Fjóra hefur starfað í ferðaþjónustu síðan 2014 og staðið fyrir kynningu, sem sjáandi, og sölu dagsferða, þar sem áhersla er lögð á álfa og huldufólk sem búa meðal okkar.

Menntun

2006 - Bowentæknir frá European College of Bowen Studies.

1999 - Heilun og miðlun frá The Arthur Findlay College.

1992 - Garðyrkjufraeðingur frá Garðyrkjuskólanum í Ölfusi.